

66 **Bréf stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi.**
 3. apríl Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá frakkneska konsúlnum hér í bænum, um að forstöðukonu franska spítalans við Lindargötu verði leyft að flytja hér í land hund, sem kom hingað með frönskum botnvörpung.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur í land og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga, og
2. að hundinum sé haldið í sóttkvi, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis, í 35 daga og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum konsúl hefir verið tilkynt leyfi þetta héðan.

67 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um flutning þingstaðar.**
 7. apríl Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dagsettu 25. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Stafholtstungnahreppi veitir stjórnarráðið hérmeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sé fluttur frá Hjarðarholti að Hamraendum, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghalda.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

68 **Bréf stjórnarráðsins til biskups um breyting á launakjörum prestsins að Kálfatjörn.**
 10. apríl Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, og ósk hlutaðeiganda, hefir stjórnarráðið fallist á, að presturinn að Kálfatjörn, síra Árni Þorsteinsson, frá fardögum 1911 að telja taki laun sín eftir lögum 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.

Presturinn verður í fyrsta launaflokki (1700 kr.).

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

69 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um skifting Neshrepps innan Ennis í tvö sveitarfélög.**
 12. apríl Með bréfi yðar, herra sýslumaður, dags. 16. febr. þ. á., hefir stjórnarráðinu borist erindi frá hreppsnefndinni í Neshreppi innan Ennis, um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfélög, ásamt meðmælum hlutaðeigandi sýslunefndar með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hérmeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hér segir:

69
12. apríl

1. Neshreppi innan Ennis í Snæfellsnessýslu skal skift í tvö sveitarfélög þannig, að annar hreppurinn nái yfir núverandi landareign Ólafsvíkur samkvæmt landamerkjaskrá þessarar jarðar og nefnist Ólafsvíkurhreppur, en hinn hreppurinn nái yfir hið annað svæði hins forna hrepps, frá Fossá að Búlandshöfða, og nefnist Fródárhreppur.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Neshrepps innan Ennis, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Ólafsvíkurhrepps komi $\frac{4}{5}$ hlutar, en í hlut Fródárhrepps $\frac{1}{5}$ hluti, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, er síðar kunna til að koma og eiga rót sína í félagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sér stað milli hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í Ólafsvíkurhreppi og 3 í Fródárhreppi, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig kveði á um fjallskil og afrétti.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Neshreppi innan Ennis sem dómþinghá né manntalsþinghá

Bréf stjórnarráðsins til umsjónarmanns fræðslumálanna um undirbúning fræðslusamþykta í héraði.

70
15. apríl

Með bréfi, dags. 2. septbr. f. á. hafið þér, herra umsjónarmaður, vakið athygli á því, að samkvæmt hinum nýju kosningalögum séu þeir örðugleikar orðnir á að halda lögmæta fundi í sveitum til samþykta á fræðslusamþyktnum, að búast megi við að þær hvergi á landinu geti orðið löglega afgreiddar í héraði eftirleiðis, ef ganga á ríkt eftir því að helmingur allra atkvæðisbærra manna á því svæði, sem samþyktnin nær yfir, mæti á einum fundi til að samþykkja fræðslusamþyktnir, sbr. 10. gr. fræðslulaganna, og hafið þér jafnframt skotið því undir úskurð stjórnarráðsins, hvort það muni ekki geta samrýmt anda og ákvæðum 10. gr. fræðslulaganna, að heimila fræðslunefndum eftirleiðis að boða til tveggja eða fleiri funda í héraði, til þess að leita álitis atkvæðisbærra manna og samþykkis á fræðslusamþyktnum, og sé samþykkt þá löglega afgreidd í héraði, ef hún hefir fengið meiri hluta þeirra atkvæða, er á fundunum hafa verið greidd, enda hafi fundina sótt meiri hluti atkvæðisbærra manna á því svæði, er fræðslusamþyktnin á að ná yfir.

Þótt álíta verði, að ráð hafi verið gert fyrir því, að mál þessi yrðu útkljáð á einum fundi í hverju fræðsluhéraði, þá verður stjórnarráðið þó að telja